

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Friðrik Ottó Friðriksson, f. 12. desember 1973 á Íslandi.
2. Ingvar Þór Ólason, f. 24. október 1972 á Íslandi.
3. Jagusiak, Janina, f. 27. febrúar 1953 í Póllandi.
4. James, María Geirsdóttir, f. 27. nóvember 1947 á Íslandi.
5. Khodayar, Maryam, f. 5. október 1961 í Íran.
6. Ratan Hallgrímsson, f. 29. mars 1997 á Indlandi.
7. Santia Svanhvít Sigurjónsdóttir, f. 9. september 1966 í Bretlandi.
8. Thorisson, Jasmin, f. 6. júní 1984 í Svíþjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

19. maí 2000

Nr. 60

LÖG

um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. taka til gagnagrunna að því er tekur til niðurröðunar og samsetningar þeirra að fullnægðum almennum skilyrðum fyrir höfundaréttarlegri vernd. Ekki raskar sá réttur höfundarétti að verkum sem gagnagrunnurinn kann að geyma. Þá raskar hann eigi að heldur samhliða rétti framleiðenda skv. 50. gr.

Með gagnagrunni í skilningi laga þessara, sbr. 3. mgr. þessarar greinar og 50. gr., er átt við safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða annarra efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum hætti eða öðrum aðferðum. Tölvuforrit sem notað er við gerð eða rekstur gagnagrunns og aðgangur er veittur að með rafrænum hætti telst ekki til gagnagrunns í skilningi laga þessara.